

Thomas S. Monson
forseti



Ást ef heima býr —

LEIÐSÖGN FRÁ SPÁMANNI OKKAR

Blessað fjölskyldulíf

„Þegar við höfum prófað margt og farið víða og áttað okkur á því hve hverfull og stundum yfirborðskennður heimurinn er, verðum við þakklátari fyrir þau forréttindi að tilheyra einhverju sem við fáum reitt okkur á — heimili og fjölskyldu og tryggð ástvina. Við tökum að skilja hvað felst í gagnkvæmri skyldu, ábyrgð og virðingu. Við komumst að því að ekkert annað fær fyllilega komið í stað hins blessaða fjölskyldulífs.“¹

Gefa af ást okkar

„Hrósið barni ykkar og faðmið það að ykkur, og segið oftari við það: ‚Ég elska þig.‘ Látið þakklæti stöðugt í ljós. Látið aldrei vandamálið sem leysa á verða mikilvægara en þann sem elska á. Vinir flytja burt, börn vaxa upp, ástvinir kveðja þetta líf. Það er svo auðvelt að taka aðra sem gefna, þar til þeir eru einn daginn horfnir úr lífi okkar og við stöndum eftir og hugsum ‚hvað ef‘ og ‚aðeins ef.‘ . . .

Njótum lífsins um leið og við lifum því, gleðjumst á ferð okkar og gefum vinum og fjölskyldu af ást okkar. Einn daginn verður um engan morgundag að ræða. Frestum ekki því sem skiptir mestu máli.“²

Sýna ást okkar

„Bræður, komum fram við eiginkonur okkar af sæmd og virðingu. Þær eru okkar eilífi förunautur. Systur, heiðrið eiginmenn ykkar. Þeir þarfnast góðra orða. Þeir hafa þörf fyrir vinsamlegt bros. Þeir þarfnast innilegrar ástartjáníningar. . . .

Ég hvet ykkur foreldrana til að sýna börnum ykkar ást. Þið vitið að þið elskið þau, en gætið þess að þau viti það líka. Þau eru svo dýrmæt. Látið þau vita það. Ákallið himneskan föður um hjálp, er þið dag hvern annist þarfir þeirra og takist á við þær áskoranir sem óhjákvæmilega fylgja foreldrahlutverkinu. Þið þurfið meira en eigin visku við uppeldi þeirra.“³

Tjá ást okkar

„Foreldrar, látið í ljós ást ykkar til barna ykkar. Ég hvet ykkur foreldrana til að tjá börnum ykkar ást ykkar. Biðjið fyrir þeim, að þeim takist að standast hið illa í heiminum. Biðjið að þau megi vaxa í trú og vitnisburði. Biðjið að þau megi lífi í góðvild og þjónustu við aðra.

Börn, látið foreldra ykkar vita að þið elskið þau. Látið þau vita hversu mikils þið metið allt sem þau hafa gert og halda áfram að gera fyrir ykkur.“⁴

Það sem mestu skiptir

„Það sem mestu skiptir varðar næstum alltaf þá sem umhverfis okkur eru. Oft höldum við að þau hljóti að vita hve heitt við elskum þau. En við ættum aldrei að halda; við ættum að láta þau vita. William Shakespeare ritaði: „Þeir elska ekki sem sýna ekki ást sína.“ Við munum aldrei sjá eftir ljúfum orðum eða kærleikspeli. Eftirsjáin verður frekar yfir því sem við létum ógert í samskiptum okkar við þá sem mestu skipta í lífi okkar.“⁵

Vera himni nær

„Megi heimili ykkar vera fullt af kærleika: Elsku til hver annars, elsku til fagnaðarerindisins, elsku til náungans og elsku til frelsara okkar. Himinninn verður þá örlítið nær okkur hér á jörðu.

Gerum heimili okkar að gríðarstað, sem allir í fjölskyldunni vilja snúa til.“⁶

Bænir í þágu fjölskyldunnar

„Nú um stundir sætir fjölskyldan miklum árásum í heiminum og gert er gys að mörgu sem áður þótti heilagt. Við biðjum himneskan föður að gera okkur hæf til að takast á við áskoranir okkar, að við megum vera staðföst í sannleika og réttlæti. Megi friður, kærleikur og andlegheit ríkja á heimili okkar.“⁷

HEIMILDIR

1. „A Sanctuary from the World,“ *Worldwide Leadership Training Meeting*, 9. feb. 2008, 29.
2. „Joy in the Journey“ (kvennáráðstefna í Brigham Young háskólanum, 2. maí 2008), <http://ce.byu.edu/cw/womensconference/archive/transcripts.cfm>.
3. „Abundantly Blessed,“ *Liahóna*, maí 2008, 112.
4. „Uns við hittumst á ný,“ *Aðalráðstefna*, apríl 2009, 114.
5. „Gleðjumst á ferð okkar,“ *Aðalráðstefna*, október 2008, 92.
6. „A Sanctuary from the World,“ 30–31.
7. Vígslubæn Gila Valley musterisins í Arisóna, 23. maí 2010; í „The Gila Valley Arizona Temple: ‚Wilt Thou Hallow This House,‘“ *Church News*, 29. maí 2010, 5.

HVERNIG KENNA Á BOÐSKAPINN

„Kennarinn leggur fram spurningu eða segir frá aðstæðum og gefur nemendunum smástund til að benda á lausnir eða hugmyndir“ (*Teaching, No Greater Call* [1999], 160). Þegar þið lesið þessa grein með fjölskyldunni, biðjið hana þá að hlusta eftir leiðsögn eða hugmyndum sem vekur áhuga þeirra. Fjölskyldan getur síðan sett fram hugmyndir sínar um hvernig auka megir

kærleika á heimilinu. Hugleiðið að bjóða fjölskyldunni að ræða hugmyndirnar á næsta fjölskyldukvöldi.

ÆSKUFÓLK

Mamma kom okkur til bjargar

Patricia Auxier

Þegar ég var sex ára fylgdumst ég og litla systir mín með eldri systur okkar leika körfubolta. Pabbi minn hafði lagt af stað heim og við ákváðum að fara með honum, og því hlupum við á eftir honum í rigningunni. Við fundum hann ekki og ákváðum því að snúa aftur að íþróttahúsinu og fara heim með mömmu, en þegar við komum þangað voru allir farnir þaðan.

Ég man að við litla systir mín leituðum skjóls undan rigningunni við dyrnar og biðum þess að einhver kæmi. Þá man ég eftir að hafa heyrt hurð rauða fjölskyldubílsins okkar skellt og við hlupum í átt að hljóðinu. Ég upplifði síðan það sem staðið hefur ljóslifandi í huga mínum alla tíð síðan: Mamma umvafði okkur örmum sínum, „eins og hæna safnar ungum sínum undir vængi sína“ (3 Ne 10:4). Mamma hafði komið okkur til bjargar og aldrei hef ég fundið mig jafn örugga og þá stund.

Þegar ég hef hugleitt áhrif mömmu á mig, verður mér ljóst að með lífi sínu leiddi hún mig til frelsarans og hún sýndi mér merkingu þess að „[styðja] þá óstyrku, [lyfta] máttvana örmum og [styrkja] veikbyggð kné“ (K&S 81:5). Hún reiddi sig á Jesú Krist, sem veitti henni styrk „umfram eigin getu“ („Lord, I Would Follow Thee,“ *Hymns*, nr. 220).

BÖRN

Skapa hamingjuríkt heimili

M onson forseti bendir á hvernig við getum skapað hamingjuríkt heimili. Lesið greinina og leitið að því hvernig þið og fjölskylda ykkar getið skapað hamingjuríkt heimili.

Skrifið hjá ykkur það sem þið finnið. Finnið í það minnsta fimm atriði um hvernig þið getið skapað hamingjuríkt heimili og teiknið hús með fjölskyldunni í.

© 2011 Intellectual Reserve, Inc. Allur réttur áskilinn. Printed in Germany. Samþykkt á ensku: 6/10. Þýðing samþykkt: 6/10. Þýðing á *First Presidency Message, August 2011*. Icelandic. 09768 190



Trú • Fjölskylda • Líkn

Samfélag helgra kvenna

Lærið efnið og ræðið það við systurnar sem þið heimsækið, eins og við á Nýtið spurningarnar ykkur til hjálpar við að styrkja systurnar og gera Líknarfélagið að virkum þætti í lífi ykkar.

Eliza R. Snow, annar ráðgjafi í aðalforsætisráði Líknarfélagsins, sagði: „Páll postuli ræddi til forna um helgi kvenna. Það er skylda hverrar okkar að vera helg kona. Ef við erum helgar konur, höfum við háleit markmið. Við munum finna að við erum kallaðar til að uppfylla mikilvægar skyldur. Engin er þar undanskilin. Engin systir er svo einangruð eða svið hennar svo þröngt að hún megni ekki að koma miklu til leiðar við stofnun ríkis Guðs á jörðu.“¹

Systur, við erum hvorki einangraðar né er svið okkar þröngt. Með því að taka þátt í starfi í Líknarfélaginu, verðum við hluti af því sem spámaðurinn Joseph sagði vera samfélag „aðskilið frá allri heimsins illsku — kjörið, dyggðugt og heilagt.“²

Samfélag þetta hjálpar okkur að efla trú okkar og þroskast andlega, með því að veita okkur tækifæri til forystu, þjónustu og kennslu. Þjónustan veitir lífi okkar nýjar víddir. Við tökum andlegum framförum og við verðum meðvitaðri um innbyrðis tengsl okkar, sjálfsmynd og sjálfsvirði. Okkur mun skiljast að hinn raunverulegi ásetningur með áætlun fagnaðarerindisins er að veita okkur tækifæri til ná okkar æðstu möguleikum.

Líknarfélagið býr okkur undir að taka á móti blessunum must-erisins, að heiðra sáttmálana sem við gerum og helga okkur málstað Síonar. Líknarfélagið eykur trú okkar og persónulegt réttlæti, styrkir fjölskyldur og heimili og finnur og aðstoðar nauðstadda.

Starf Líknarfélagsins er heilagt og að vinna heilagt verk fyllir okkur heilagleika.

Silvia H. Allred, fyrsti ráðgjafi í aðalforsætisráði Líknarfélagsins.

Úr ritningunum

2 Mós 19:5; Sál 24:3–4;
1 Þess 4:7; Títus 2:3–4; Kenning
og sáttmálar 38:24; 46:33; 82:14;
87:8; HDP Móse 7:18

Úr sögu okkar

Spámaðurinn Joseph talaði til Líknarfélags kvenna í Nauvoo, lagði áherslu á heilagleika og útskýrði að þegar systurnar yrðu hreinni og heilagri, mundu þær hafa varanlegri áhrif á heiminn. Hann sagði: „Auðmýkt, kærleikur og hreinleiki — er það sem ætti að efla ykkur. . . . Líknarfélag þetta . . . mun . . . hafa kraft til að gefa drottningum sín á meðal fyriræli. . . . Konungar og drottningar jarðarinnar munu koma til Síonar og votta virðingu sína.“ Þær Líknarfélagssystur sem lifa eftir

sáttmálum sínum munu ekki aðeins njóta virðingar hinna göfugu, heldur“ munu englar ekki fá haldið að sér höndum ykkur til aðstoðar, ef þið lifið samkvæmt forréttindum ykkar,“ lofaði Joseph systrunum.“³

Eftir því sem systurnar tóku þátt í því verki að þjóna og bjarga öðrum, helguðust þær persónulega. Lucy Mack Smith, móðir spámansins, greindi frá hinu góða sem Líknarfélagið gæti gert: „Við verðum að umvefja hver aðra, annast hver aðra, hugga hver aðra og hljóta fræðslu, svo við fáum allar okkar sæti saman á himnum.“⁴

HEIMILDIR

1. Eliza R. Snow, „An Address,“ *Woman's Exponent*, sept. 15, 1873, 62.
2. Joseph Smith, í *History of the Church*, 4:570.
3. Joseph Smith, í *History of the Church*, 4:605, 606.
4. Lucy Mack Smith, í Relief Society, Minute Book Mar. 1842–Mar. 1844, færsla fyrir 24. mars 1842, Church History Library, 18–19.

Hvað get ég gert?

1. Hvernig get ég hjálpað systrunum sem ég vaki yfir að vinna að og ná „háleitum markmiðum“?
2. Hvað geri ég til að líf mitt sé „kjörið, dyggðugt og heilagt“?

Frekari upplýsingar eru á www.reliefsociety.lds.org.